

Stofnanasamningur

Ríkislögreglustjórans og Sálfræðingafélags Íslands

1 Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra sem hverju sinni njóta ráðningarkjara samkvæmt um kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 28. júní 2008.

2 Markmið

Markmið samnings þessa er að stuðla að því að embættið hafi ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki er vinnur af einurð að verkefnum embættisins og býr við starfsumhverfi sem skapar möguleika fyrir það að dafna og vaxa í starfi.

3 Grunnröðun

3.1 Forsendur grunnröðunar starfa

Störfum er raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu, ábyrgð og umfang verkefna.

3.2 Frekari forsendur röðunar

Launakerfi embættisins byggir á eftirfarandi flokkun starfa:

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunn-röðun
Sérfræðingur með B.A. próf í sálfræði	Er sérfræðingur í tilteknum málaflokki og hefur umsjón með og ber ábyrgð á tilteknum verkefnum sem þó eru undir yfirumsjón annarra. Starfsmaðurinn þjónustar viðskiptavini innan og utan stofnunar vegna málaflokksins/verkefnisins. Starfsmaðurinn sinnir öðrum verkefni sem honum eru falin af yfirmanni og falla að starfinu eða samkomulag er um og fylgir reglum og fyrirmælum um skyldur opinberra starfsmanna. Grunnmenntunarkrafa í starfið er BA próf í sálfræði.	8
Sálfræðingur II	Sálfræðingur sem ber ábyrgð á afmörkuðum málaflokki, þar á meðal ákvarðanatöku innan hans og stjórnun einstakra verkefna. Sálfræðingurinn þjónustar viðskiptavini innan og utan stofnunar vegna málaflokksins/verkefnisins og sinnir öðrum verkefnum sem honum eru falin af yfirmanni og falla að starfinu eða samkomulag er um. Grunnmenntunarkrafa í starfið er kandidatspróf eða sambærilegt.	10
Sálfræðingur III	Sálfræðingur sem vinnur sjálfstætt að yfirgripsmiklum og flóknum, sérhæfðum verkefnum og hefur umsjón með framgangi slíkra verka. Hann hefur kunnáttu og hæfni til að velja verkefni og ákveða efnistöð í samráði við yfirmann og leiða verkefnið. Hann undirbýr verkefni	12

sjálfstætt, sér um söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og túlkar niðurstöður. Hann er faglegur ráðgjafi, á samskipti við tengiliði og gerir áætlanir í samráði við yfirmann. Hann hefur leiðbeiningarskyldu við aðra starfsmenn við úrlausn verkefna. Grunnmenntunarkrafa í starfið er kandidatspróf eða sambærilegt. Auk þess er krafist yfirgripsmikillar þekkingar og reynslu af verkefnisstjórnun og/eða sjálfstæðum rannsóknarstörfum.

Grunnröðun starfs í ofangreindum launaflokkum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilgreindir eru í gr. 3.3 og 3.4.

3.3 Starfsreynsla

Starfsreynsla hjá embætti ríkislögreglustjóra eða við sambærilegar stofnanir skal metin til hækkunar umfram grunnröðun, þannig að starfsmaður fær eitt álagsþrep eftir:

- 2 árs starf hjá stofnuninni
- 6 ára starf hjá stofnuninni
- 10 ára starf hjá stofnuninni

3.4 Viðbótarmenntun, hæfni og frammistaða

3.4.1 Sér eða viðbótarmenntun

Hækkanir vegna framhaldsmenntunar skulu vera:

- a) Hafi sálfræðingur lokið umfangsmiklu viðbótarnámi umfram grunnám og sérfræðiviðurkenningu eða námi sem nýtist ekki til sérfræðiviðurkenningar skal meta það nám til 1 þreps hækkunar enda nýtist það í starfi og svarar til a.m.k. 30 eininga á háskólastigi.
- b) Vegna doktorsprófs 2 álagsþrep.
- c) Sérfræðiviðurkenning:

Áfangar að sérfræðiviðurkenningu skulu metnir til launa sem hér segir:

- | | |
|---|-------------|
| 1. 75 fræðslustundir og 20 handleiðslutímar | 1 álagsþrep |
| 2. 150 fræðslustundir og 40 handleiðslutímar | 1 álagsþrep |
| 3. 225 fræðslustundir og 60 handleiðslutímar | 1 álagsþrep |
| 4. Fengið sérfræðileyfi frá viðurkenndu stjórnvaldi | 2 álagsþrep |

Hámarksfjöldi álagsþrepa vegna a, b og c-liða er 6 þrep.

3.4.2 Hæfni og frammistaða

Ríkislögreglustjóri getur metið til hækkunar hæfni og frammistöðu starfsmanns. Þeir þættir sem koma til álita í slíku mati eru áhugi og frumkvæði í starfi, afköst, hæfni til að vinna undir álagi, geta til að ganga í störf annarra sérfræðinga hjá embættinu og gæði þeirrar vinnu sem innt er af hendi. Sömu atriði og nefnd voru hér að framan geta jafnframt verið metin til tímabundinnar hækkunar launa.

Hámarkshækkun vegna ofangreinds eru 2 álagsþrep.

3.5 Sérstök tímabundin umbun

Ríkislögreglustjóra er heimilt að greiða umbun vegna sérverkefna, sérstakrar ábyrgðar eða sérstakra tímabundinna þátta sem ekki hafa áhrif á röðun starfs í launaflokk og

ekki falla undir grein 3.4. Hámark umbunar er kr. 30.000.- á mánuði og greiðist hún meðan áhrif þessara þátta vara.

4 Starfsþróun og námsleyfi

Unnið er að starfsþróun hjá embætti ríkislögreglustjóra.. Starfsþróun felur meðal annars í sér að starfsmanni er gert kleift að sækja sér handleiðslu og nám þegar þurfa þykir jafnvel erlendis, í samráði við næsta yfirmann. Almennt er miðað við að starfsmaður njóti að lágmarki 12 tíma í handleiðslu á ári hverju, sinni starfsmaður meðferðarvinnu.

Starfsmaður sem stundar nám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið með samþykki stofnunarinnar heldur launum og fær greiddan náms-, ferða- og dvalarkostnaður.

5 Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til gr. 11.2 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.

6 Endurmat starfskjara

Starf og starfskjör starfsmanna skal metið reglulega og sérstaklega þegar um meiri háttar endurskoðun verklags/stjórnskipulags innan stofnunar er að ræða.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum vegna mats á röðun starfsmanns í launaflokk skal vísað til samstarfsnefndar í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

7 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2008 og skal endurskoðaður þegar einn eða fleiri samningsaðilar óska þess.

Reykjavík, 15. mars 2011

f.h. ríkislögreglustjóra

f.h. Sálfræðingafélags Íslands

